

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum á Breiðdalsgrunni og Berufjarðarál.

1. gr.

Frá og með 13. júlí 1989 er felld úr gildi reglugerð nr. 179 6. apríl 1989 um bann við togveiðum á Breiðdalsgrunni og Berufjarðarál.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júlí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Hjörtur Guðmundsson.

10. júlí 1989

Nr. 348

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 319/1989 um innheimtu á vangoldnum
söluskatti.**

1. gr.

3. gr. orðist svo:

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á söluskatti eða álagi skv. 21. gr. laga um söluskatt, á tilskildum tíma, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til að full skil eru gerð.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá ríkisskattaneftnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum skv. 1. mgr., enda bjóði skuldari fram til tryggingar söluskattsskuldinni, lögbundnu álagi og kostnaði við innheimtu hennar, sjálfs-skuldaábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi.

Staðfesti ríkisskattaneftnd úrskurð skattstjóra að öllu leyti eða að hluta skal innheimtumaður ganga að bankaábyrgð skv. 2. mgr., nema aðili greiði að fullu skattkröfu ríkissjóðs. Beri gjaldandi ágreininginn undir dómstóla getur innheimtumaður þó samþykkt nýja bankaábyrgð þar til endanlegur dómur hefur gengið í málinu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, með síðari breytingum og öðlast hún þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. júlí 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Ásmundur Vilhjálmsson.